

Leikskólinn Sólborg

Fréttabréf febrúar 2008



Kæru foreldrar,

Þorrvíku er að ljúka.

Í þorrvíkunni kynntum við gamla muni, leikföng og siði. Hlaðborð með þorramat var í salnum 25. janúar og þá komu börnin af stofunum og fengu sér á disk, maturinn féll þeim misvel í geð en allir fengu þó eitthvað við sitt hæfi.

Starfsmannabreytingar.

Nokkrar breytingar hafa orðið í starfsmannahópnum undanfarið.

Íris sem starfað hefur á Birkistofu er að hætta um mánaðar mótin. Við þökkum henni vel unnin störf.

Erla á Birkistofu er að minnka við sig vinnu og fer svo í fæðingarorlof.

Ólöf Elsa sem er nýráðin og hefur verið á Furustofu færir sig um set og verður á Birkistofu.

Kristbjörg sem vann hjá okkur í sumar er komin aftur tvö síðdegi í viku og er í afleysingum.

Fjóra Kristín byrjaði einnig um miðjan janúar, en hún er í afleysingum tvo morgna í viku á miðvikudagsmorgnum er hún á Lerkistofu.

Heiða Millý hefur störf 1. febrúar en hún vinnur tvo daga í viku.

Við þökkum ykkur fyrir að taka vel á móti nýja fólkinu okkar en koma þess og okkar frábæra fasta starfslíð hjálpar okkur að halda óskertri leikskólaþjónustu í hinni margumtöluðu starfsmannaeklu.

Sumarleyfi leikskóla 2008.

Á fundi Leikskólaráðs í desember 2007 var samþykkt að hver leikskóli loki í tvær vikur samfellt á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2008. Lokunartíminn ræðst af því hvenær fæstir velja að taka sumarleyfi. Við biðjum ykkur að skrá sumarleyfisóskir ykkar á eyðublaðið sem hangir við stofu barnsins fyrir 8. febrúar. En eftir það mun liggja fyrir hvenær við lokum, ef einhver vill breyta leyfinu sínu í kjölfarið er það að sjálfsgöðu hægt.

Foreldraviðtöl.

Nú fara í hönd foreldraviðtöl í leikskólanum. Lerkistofa mun byrja viðtölin nú í byrjun febrúar en hinar stofurnar verða með viðtölin seinna í febrúar og byrjun mars. Í foreldraviðtölunum munum við deila með ykkur upplýsingum úr möppumatinu, þ.e. ferilmöppu barnsins og hvernig gengur með þau markmið sem þið deilduð með kennurum í haustsamtölunum.

Vikan 4. til 18 febrúar er tannverndarvika þá fá börnin fræðslu um hollan mat fyrir tennur og hvernig við verndum þær fyrir skemmdum. Þau syngja um tönnina sína *hvíta og fína* og svo þá elstu börnin bók um barnatennurnar sem er gjöf frá Lýðheilsustöð.

4. Bolludagur og 5. febrúar er Sprengidagur Á bolludaginn gæðum við okkur á fiskibollum og einnig verða rjómobollur á matseðlinum síðdegis. Á sprengidaginn fáum við svo saltkjöt og baunir.

6. febrúar er Öskudagur.

Við munum halda upp á Öskudaginn með skemmtun eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Ætlunin er að „slá köttinn úr tunnunni“ og síðan er öskudagsball þetta verður fyrir

hádegi. Börnin mega koma með eitthvað að heiman til að klæðast í en grímubúningarnir eru ekki aðalatriðið. Við viljum eindregið beina þeim tilmælum til foreldra að senda ekki stríðsbúninga sem tákna ófrið eða ofbeldi og að sjálfsögðu engin leikfangavopn

6. febrúar er Dagur leikskólans. Markmið með því að tileinka einn dag ársins leikskólanum er að vekja athygli á þýðingu leikskólakennslu fyrir börn og beina sjónum að gildi leikskólans fyrir þjóðarauð og alla menningu en 6. febrúar 1950 var fyrsta félag leikskólakennara stofnað. Við ætlum að kynna fyrirtækjum í nánasta umhverfi skólans okkar frábæra leikskólastarf með opnu húsi **7. febrúar.**

Við veljum 7. febrúar vegna þess að í ár ber Dag leikskólans uppá öskudag og þá er starfið í skólanum með svolítið öðrum hætti en venjulega.

7-9 febrúar er Vetrarhátíð í Reykjavík. Ýmislegt skemmtilegt er á dagskrá í Reykjavík þessa daga t.d. eru vísindasmiðjur í opna rýminu í Ráðhúsinu þar sem foreldrar geta komið með börnum sínum. Elstu árgangar barna í leikskólum Miðborgar- og Hlíða ætla að fara í vasaljósagöngu niður að Kjarvalsstöðum. Gengið verður í fylgd lögreglu og vaskra kennara. Þegar að Kjarvalstöðum er komið munu börnin skemmta hvert öðru með uppákomum.

14. febrúar Valentínusdagurinn.

Þennan dag köllum við dag *vináttu* í leikskólanum hjá okkur og þá gerum við eitthvað skemmtilegt saman.

Í febrúar verða teknar ljósmyndir.

Foreldrafélagið stendur fyrir myndatöku af öllum leikskólabörnunum. Ljósmyndarinn er Gunnar Leifur og tekur hann bæði stofuhópmyndir og einstaklingsmyndir. Myndirnar verða síðan til sölu fyrir þá sem áhuga hafa á að kaupa mynd. Dagsetning myndatöku er 12. febrúar fyrir hádegi en þá vonum við að hlaupabólu faraldurinn verði afstaðinn.

Heimasíða.

Ný heimasíða er að fara í loftið alveg á næstunni og auglýsum við slóðina strax efir opnun, en þangað til höldum við úti síðunni okkar á **mentor .is**

Nemar frá Kennaraháskóla Íslands.

Í vetur verðum við með nema frá KHÍ. Eyrún byrjaði í verknámi á Birkistofu í vikunni; æfingakennari hennar er Regína. Þriðja til 9. apríl verða hér þrír nemar af öðru misseri leikskólakennaranáms, þær heita Agnes Fríða, Valgerður Ósk og Vigdís.

Svo er Særún þroskaþjálfanemi væntanleg í byrjun febrúar; verknámskennarar hennar verða Drífa á Víðistofu og Signý sérkennslustjóri.

**Fyrir hönd starfsfólks Sólborgar,
Jónína Konráðsdóttir, leikskólastjóri**